

Fundarstjóri, góðir ráðstefnugestir !

Það er sérlega ánægjulegt hversu margir taka þátt í skólapingi sveitarfélaga og gaman að sjá hér fjölmarga sveitarstjórnarmenn en sérstök áhersla hefur verið lögð á að hvetja þá til þátttöku í skólapinginu.

En hvað á Samband íslenskra sveitarfélaga við með yfirskrift skólapingis að þessu sinni: Á réttu róli og setur svo spurningarmerki á eftir? Er verið að gefa í skyn að sveitarfélög og ríki séu ekki á réttu róli í skólamálum?

Ekki ætla ég að svara þeirri spurningu hér við upphaf skólapingis enda verður það ykkar verkefni í dag. En Sambandið vill fyrst og fremst vekja máls á því að mikið vatn hefur til sjávar runnið frá því að gildandi skólaskipan var innleidd, samfélagið hefur tekið miklum breytingum og heimsmynd okkar allra, ekki síst nemenda hefur gjörbreytt. Það að breyta skólakerfi eða skólaskipan, frá því hugmynd kviknar og þar til hún verður að veruleika, gríðarlega flókið og tímafrekt ferli. Ferli sem stangast án vafa á við þann mikla hraða og framþróun í tækni sem við upplifum á síðastliðnum árum. Framþróun sem við sjáum enn ekki fyrir endann á.

Því er, að mati sambandsins, afar mikilvægt að umræða um skóla framtíðarinnar sé lifandi, fari sem fyrst af stað. Við þurfum að skoða núverandi skólakerfi vandlega, staldra við, leyfa okkur að efast og rökræða, kasta fram hugmyndum, útiloka sumar og vinna áfram með aðrar enda eru orð til alls fyrst.

Í dag munum við hlýða á fjölda fyrirlesara sem ræða munu hvernig gildandi skólaskipan þjónar hagsmunum nemenda og samfélagsins en einnig munu fyrirlesarar koma með hugmyndir að framtíðarskipan, sem að þeirra mati væri betur væri til þess fallin að þjóna hagsmunum síbreytilegs umhverfis. Síðar í dag takið þið svo umræðuna áfram á borðum og komið ykkar sjónarmiðum að.

Ég efast ekki um að niðurstöður verða fjölbreyttar, af ólíkum toga og skoðanir skiptar en til þess er leikurinn einmitt gerður.

Þess vegna ætlum við að ræða skipan skólakerfisins í dag en ekki inntak menntunar og námskrár, kennaramenntun og skólastjórnun, þó það sé ekki alveg einfalt að ræða annað án hins. En tilgangur dagsins í dag er að við

horfum á skipan skólakerfisins frá nýjum sjónarhóli og að við virðum fyrir okkur þá þróun sem þar hefur átt sér stað.

Getur verið að skólaskipanin hafi haft meiri áhrif á þróun skólastarfs en við höfum áður hugleitt? Hvað rök liggja til dæmis til grundvallar þeirri ákvörðun að leikskólastigið skuli ná frá 12 mánaða aldri til 6 ára aldurs, grunnskólastigið vera heildstætt og skyldubundið frá 6 ára aldri til 16 ára og að bóknámsbrautir framhaldsskólanna skuli taka 3 ár !

Þjóðfélagið allt hefur fyrir löngu samþykkt að svona skal skólaganga barna vera í íslensku samfélagi. Nokkrir skólar hafa tengt saman yngsta stig grunnskóla og leikskólann og örlítill sveigjanleiki hefur skapast varðandi 10. bekkinn en svo þegar ungmennin okkar fara í framhaldsskóla þá er allt annað upp á teningunum. Í framhaldsskólum eru engin ákveðin aldursmörk, bekkjarfélagar eru á öllum aldri og öll tímamörk miklu sveigjanlegri en á hinum tveimur fyrri. Þú getur í raun byrjað og hætt þegar þú vilt og tekið upp þráðinn síðar, þegar þér hentar, skipt jafnvel um skóla, fallið á mætingu, verið bæði lengur og skemur en 3 ár að ljúka bóknáminu, skráð þig á fjölmargar ólíkar námsbrautir og svo mætti áfram telja.

Svona allavega ef þú ert ekki í hefðbundnum bekkjarkerfis skóla þar sem annað fyrirkomulag er óneitanlega við lýði.

Að mínu mati hefði mátt gefa enn meiri sveigjanleika þannig að hinir hefðbundnu bóknámsskólar gætu boðið upp á 4 ára nám því sveigjanleikinn til styttingar var þegar til staðar í fjölbrautakerfinu. Margir nemendur þessara skóla tala núna um að dýrmætur tími hafi verið frá þeim tekinn. Tími sem þau gátu nýtt til þátttöku í íþróttum, tónlist og öðru slíku, til félagslegs þroska. Á tímum þegar í sífellu dynja á okkur fréttir um kvíða, álag, kulnun, einmanaleika og þunglyndi þá held ég að við ættum að leggja ríka áherslu á að búa börnum og ungmönnum okkar umhverfi sem styrkir þau félagslega, námslega og ekki síst andlega til þátttöku í því lífi sem þeirra bíður í framtíðinni.

En er ekki tímabært að við skoðum allt skólakerfið ítarlega og þá skipan sem við höfum innleitt? Hvaða eiginleika þarf ungt fólk að tileinka sér til að eiga innihaldsríkt líf á sem flestum sviðum. Ég held að við séum á krossgötum þessi misserin þar sem við verðum að hafa markmiðin á hreinu. Ef við þekkjum ekki markmiðin þá verður ferðalagið ansi stefnulaust.

Framtíðarskipan skólakerfisins er alfa og omega þegar kemur að árangri framtíðarkynslóða á vinnumarkaði og í samfélagi þjóðanna. Það er ríkur vilji til að gera vel á sviði skólamála og sveitarstjórnarmenn hafa sýnt það okkur var treystandi fyrir þessu viðamikla verkefni.

Við búum í fámennu og víðfeðmu landi þar sem skólarnir okkar eru hjörtu samfélaganna og ég fullyrði að sveitarstjórnarmönnum í hverju einasta sveitarfélagi er annþ um fátt annað meira en gott skólastarf. Hjartsláttur hvers skóla tel ég að geti svo sannarlega endurspeglað heilsu og líðan samfélagsins og það heilsufar viljum við hafa sem allra allra best.

Er þá ekki rétt að taka púlsinn og gefa okkur tíma til að hugleiða hvort skólakerfið okkar sé við góða heilsu og á réttu róli?

Skólastarfi hefur verið gjörbylt á Íslandi. Uppúr miðri síðustu öld 85 heimangönguskólar, eins og þeir voru kallaðir á landinu af 220 skólum. Þá voru heimavistarskólar 52 og 46 farskólar. Í dag er enginn grunnskólanemandi í heimavistarskóla. Í dag myndi ekkert foreldri senda 6 ára barn í heimavist – en margir jafnaldrar minna og jafnvel þeir sem eru enn yngri þjuggu við þann kost. Skólastarfi á Íslandi hefur verið gjörbylt á undanförunum árum þó að það ferðalag sé ennþá yfirstandandi og því ljúki sjálfsagt aldrei.

Við verðum svo að vona að taki ekki alltof langan tíma að gera þær breytingar á skólakerfinu sem taldar verða nauðsynlegar til að búa megi nýjar kynslóðir sem best undir þær áskoranir sem framtíðin ber í skauti sér. Áskoranir sem við getum með engu móti séð fyrir hverjar verða en unga fólkið okkar þarf að mæta. Því er svo mikilvægt að við sem stýrum skútunni í dag kennum færni og hæfni sem nýtast mun í síbreytilegu umhverfi framtíðarinnar.

Rætt hefur verið um að lengja skólaskylduna, allt til 18 ára aldurs. Við erum ekki ennþá komin þangað, þó fræðsluskyldan nái til 18 ára aldurs. Enn er umræða uppi um að stytta enn frekar þann tíma sem nemendur hafa til að ná stúdentsprófinu. Í hádeginu í dag kynna Samtök atvinnulífsins áherslur sínar í menntamálaum, það verður fróðlegt að fylgjast með því. En við sem

samfélag þurfum að taka umræðuna um skóla framtíðarinnar ekki bara út frá beinhörðum fjárhagslegum hagsmunum þjóðarbúsins og atvinnulífsins heldur út frá heill og hamingju þeirra einstaklinga sem byggja eiga þetta land til framtíðar. Í því er vegferðin, ferðalagið okkar til framtíðar, falin !

Í dag er gríðarleg gróska í málefnum barna og nú sem aldrei fyrr heyrum við nýjan tón sleginn sem felur í sér langþráðan samhljóm sem, að öðrum ólöstuðum, má eigna ráðherra menntamála og ráðherra barnamála. Ríkisstjórnin er einhuga um að málefni barna, menntun þeirra, heilsa og vellíðan sé það sem leggur grunn að góðu samfélagi.

Þar tölum við einum rómi ríkisstjórn og Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarstjórnarmenn taka virkan þátt í þeirri vegferð.

Sem betur fer hefur unga fólkið sjálft í síauknum mæli gert sig gildandi. Í aðdraganda skólaþingsins leituðum við til ungmennaráða sveitarfélaga með þessar 4 spurningar (*glæra*). Þau voru beðin um að ræða þær á sínum vettvangi og senda niðurstöður til skólamálafulltrúa. Ungmennaráðin sinntu þessu verkefni af kostgæfni enda stendur málefnið þeim talsvert nær en okkur sem eldri erum.

Við fengum einnig ungmennaráð SAMFÉS með okkur í lið en í byrjun október var haldið hér Norrænt ungmennaráðsþing þar sem málefnið fékk góða umfjöllun. Sjónarmið ungs fólks eru okkur gríðarlega mikilvæg og verða þeim gerð skil í dagskrá dagsins.

Við skulum sem samfélag standa vörð um góða eiginleika íslensks skólakerfis. Gerum breytingar sem verða til bóta en setjum ávallt hagsmuni unga fólksins og rétt þeirra til þroska, hamingju og farsældar á oddinn. Það gerum við í skólakerfi sem breytist í anda hvers tíðaranda og er framsækið og stöðugum breytingum undirorpið. Tökum samtalið hér í dag og höldum svo umræðunni lifandi til framtíðar.

Að því sögðu set ég Skólaþing sveitarfélaga 2019 og óska ég þess að þið eigið hér áhugaverðan og gagnlegan dag.

Aldís Hafsteinsdóttir
4. nóvember 2019.